

Stjórnarfundur STEFs 30. maí 2022 — Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs fimmtudaginn 30. maí 2022 og hófst hann kl. 12:00.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Hallur Ingólfsson, Eyþór Gunnarsson, Puríður Jónsdóttir, Sigríður Thorlacius og Sigurður Flosason. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Þetta var fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar og var fyrsta verk fundarins að fara í myndatöku í garðinum að Laufásvegi.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Verkaskipting stjórnar.

Stjórnin kaus sér einróma Braga Valdimar sem formann og sem varaformann Þórunni Grétu Sigurðardóttur.

2. Skipulagning fundardaga stjórnar.

Framkvæmdastjóri lagði fram fundarplan næsta starfsárs og voru gerðar á því smávægilegar breytingar. Rætt var um að ekkert væri því til fyrirstöðu að einstaka stjórnarmenn myndu vera á fjarfundi í stað þess að boða forföll ef þeir hefðu aðstöðu til þess.

3. Heiðursmerki STEFs.

Ákveðið var að veita Bjartmari Guðlaugssyni, sem fagnar 70 ára afmæli sínu með tónleikum þann 18. Júní, heiðursmerki STEFs. Þá var einnig ákveðið að veita Jóni Ásgeirssyni heiðursmerki STEFs við fyrsta mögulega tækifæri.

4. Önnur mál.

- Rætt var um opinn fund STEFs fyrir meðlimi, þar sem þeim gefst færi á að kynna sér ársskýrslu og ársreikning og koma með ábendingar. Verður hann auglýstur í rafrænu fréttabréfi sem gert er ráð fyrir að komi út í byrjun júní.
- Rætt var um niðurstöðu gerðardóms IHM.
- Rætt var um stofnun *stórverkasjóðs*, skv. ákvörðun fulltrúaráðs STEFs. Verður það mál sett á dagskrá næsta stjórnarfundar, en huga þarf bæði að úthlutunarreglum sjóðsins svo og tilnefningum í stjórn hans.
- Framkvæmdastjóri upplýsti að Haraldur Þorleifsson hefði boðist til að styrkja mentor-verkefni STEFs um kr. 300 þúsund, sem gerir það að verkum að hægt verður að veita þátttakendum í verkefninu hærri verkefnastyrki en áður. Í framhaldi af þessu var rætt um að STEF þyrfti að koma sér upp færanlegum rampi til að auðvelda aðgengi hjólastóla og barnavagna að húsnæðinu.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 13:00.

STEF – THE COMPOSERS' RIGHTS SOCIETY OF ICELAND

Laufásvegur 40 / 101 Reykjavík / Iceland

Tel.: +354 561 6173

www.stef.is / info@stef.is